

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir árlega fyrir tæmingu rotþróa samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt sveitarfélagsins um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru nr. 106/2005.

2. gr.

Gjalddagar eru þeir sömu og fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 4.500 kr. sem uppfærist í janúar ár hvert og mun taka mið af vísitölu neysluverðs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 1. desember 2004 með síðari breytingum dags. 7. desember 2005 skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 9. desember 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. janúar 2006